

Skýrsla umhverfisnefndar Grafarvogskirkju - Aðalsafnaðarfundur 26. maí 2020

Umhverfisnefnd Grafarvogskirkju var sett á laggirnar í byrjun árs 2019. Fulltrúar í nefndinni eru:

Sr Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur og formaður nefndarinnar, Kristín Hákonardóttir kirkjuvörður, Þóra Björg Sigurðardóttir æskulýðsfulltrúi og ritari, Bergþóra Valsdóttir sóknarnefnd, og Sesselja Eiríksdóttir, sóknarnefnd. Þóra Björg hefur látið af störfum við kirkjuna og því hætt í nefndinni þegar þetta er skrifað.

Nefndin fundaði reglulega frá febrúar fram í nóvember 2019. Helsta markmiðið var að fá vottun á því að Grafarvogssöfnuður væri svokallaður Grænn söfnuður (sjá: <https://kirkjan.is/kirkjan/graen-kirkja/graenn-sofnudur/>) en til þess þurfti að stíga ýmis skref. Hópurinn setti saman aðgerðaráætlun sem síðan var fylgt (Sjá meðfylgjandi skjal) og það er ánægjulegt að segja frá því að þann 10. desember fengum við staðfestingu á því að markmiðinu væri náð, og vorum við söfnuður nr. tvö á landinu til að ná þeim áfanga. Þá er eftirminnileg heimsókn Dr. Jims Antal, sem prédikaði í umhverfismessu í Grafarvogi þann 13. október. Hann hefur verið aðgerðarsinni í umhverfismálum frá fyrsta Jarðardeginum árið 1970 og starfar innan United Church of Christ (UCC) í Bandaríkjunum sem er framsækin kirkjudeild sem telur milljón fullorðinna einstaklinga í 5000 söfnuðum. Frá 2006 til 2018 var hann leiðtogi kirkjunnar í Massachusetts fylki. Nú starfar hann sem sérstakur ráðgjafi landsleiðtoga UCC í umhverfismálum. Prédikun hans var uppbyggileg og vekjandi, og ekki síður samtal hans við kirkjugesti yfir léttum hádegisverði í kjölfarið. Umhverfismessan var hluti af dagskrá þjóðkirkjunnar í tengslum við Arctic Circle ráðstefnuna.

Þau verkefni sem framundan eru snúa aðallega að því að viðhalda þeim árangri sem við höfum náð, sem og að efna til samstarfs og tengsla við fyrirtæki og stofnanir í söfnuðinum. Hópurinn fór m.a. í heimsókn í Sorpu og fékk þar ýmsar gagnlegar upplýsingar, aðallega varðandi meðhöndlun lífræns úrgangs. Einnig tókst gott samstarf við Korpúlfa, félag eldri borgara í Grafarvogi, sem gaf söfnuðinum þá jólagjöf að tína rusl í kringum kirkjuna í vor. Það verkefni hefur reyndar frestast vegna Covid faraldursins.

Næsta verkefni er að ákveða framtíð umhverfishópsins, við teljum að slíkur hópur þurfi skilyrðislaust að vera starfandi við kirkjuna, umhyggja fyrir sköpun Guðs er sístætt verkefni sem felur stöðugt í sér nýjar áskoranir og ný tækifæri og mikilvægt að söfnuðurinn hlúi vel að því starfi. Allir núverandi fulltrúar nefndarinnar gefa kost á sér áfram.